

Reykjavík 20.febrúar 2011

Athugasemdir Framtíðarlandsins við drög að Orkustefnu

Um leið og við fögnum drögum að Orkustefnu fyrir Ísland setur *Framtíðarlandið* fram eftirfarandi athugasemdir og kallar eftir umræðu og stefnumörkun um orkuauðlindastjórnun.

Grundvallaratriði til að orkustefnan standi undir nafni er að orkan sé skilgreind sem auðlind. Og að skilgreina auðlindina sem þjóðareign. Það krefst þess að skýrt sé hvað þjóðareign merki í lagalegum skilningi. Jafnframt því þarf að setja skýrar reglur um stjórnun orkuauðlinda.

Færa þarf skipulagsvaldið frá sveitastjórnnum til Alþingis vegna þess að Alþingi þarf að geta framfylgt þeirri stefnu sem það mótar. Sveita- og hreppstjórnir eru of litlar einingar með of mikla sérhagsmuni til að þeim sé treystandi til að fara með auðlindamál sem varða alla þjóðina.

Virkjanlegt vatnsafl er stórlega ofmetið. Hér er tafla um vinnanlega vatnsorku þegar óhagkvæmstu kostir hafa verið teknir út fyrir sviga ásamt Jökulsá á Fjöllum.

4. TEKNIR ÚT TVEIR LÖKUSTU HAGKVÆMNFLOKKAR									
		afl	orkugeta	hagkv.fl.					
Vesturland	Kjafoss	20	125	5	Norðurland	Blonduveita	20	131	
Vestfirðir	Glamuvirkj	67	400	5		Skalastadavirkjun B	184	1260	
	Skufnavatn	8,5	60	6		Hrafnabíargarvirkjun	89	622	
	Hvalarvirkj	35	259	5	V SKaft	Djupa	75	498	
Norðurland	Blonduveita	20	131	4		Hverfisfjot	40	260	
	Skalastada	184	1260	3		Bulandsvirkjun	150	950	
	Fjotshnuku	58	405	6		Holmsarvirkjun an midl	72	450	
	Hrafnabíarg	89	622	3		Holmsarvirkj Holmsion	72	470	
	Eyjadalisan	8	58	5		Holmsarvirkj Atley	48	360	
					Sudurland	Markarfjot B	109	735	
V SKaft	Djupa	75	498	4		Bjallavirkjun	46	340	
	Hverfisfjot	40	260	4		Skrokolduv	30	215	
	Bulandsvirk	150	950	2		Budarhals	80	585	
	Holmsarvirk	72	450	3		Hvammsvirkjun	82	665	
	Holmsarvirk	72	470	3		Holtavirkjun	53	415	
	Holmsarvirk	48	360	3		Urdafoos	130	980	
Sudurland	Markarfjot	109	735	4		Blafellsvirkjun	76	536	
	Bjallavirkj	46	340	3		Budartungu	50	320	
	Skrokoldu	30	215	4		Haukholtsv	60	358	
	Budarhals	80	585	3		Hestvatnsv	40	300	
	Hvammsvirk	82	665	4		Selfossv	30	250	
	Holtavirkj	53	415	4					
	Urdafoos	130	980	2		EFTIR ERU	1536	10700	
	Gígarfoss	21	146	6		meðalstærð	73,1	509,5	
	Blafellsvirk	76	536	4					
	Budartungu	50	320	4					
	Haukholtsv	60	358	4					
	Vordufellsv	52	170	6					
	Hestvatnsv	40	300	4					
	Selfossv	30	250	3					
	Hagavatnsv	20	140	5					

Eins og sjá má eru margar helstu náttúruperlur Íslands á þessum lista og því alls óljóst að sátt ríki um þessar 10 twh sem hér eru nefndar. Það verður því að birta með miklum fyrirvara allar tölur af þessu tagi til að vekja ekki falskar væntingar.

Standa þarf vörð um almannahag hvað varðar orkuverð til framtíðar. Stefnan er sú að selja orkuna sífellt dýrari til stórkaupenda. Það þarf að gæta að því að sú stefna verði ekki til þess að orkuverð til almennings hækki á svipaðan hátt. Jafnvel þyrfti að aðgreina þetta tvennt svo almenningur njóti góðs af ódýrri orku hérlendis og almannaheitum sem hafa verið kostaðar af skattfé.

Þá skal bent á að varlega verði að fara í að meta virkjanamöguleika jarðvarma.

Stefán Arnórsson hefur fært rök fyrir því að jarðvarmaorka sé ekki endurnýjanleg auðlind heldur sé nýting hennar námuvinnsla. Spyrja á hvort stefnt sé að því að þurrausa jarðhitasvæðin á næstu 60 árum með þeirri ágengu vinnslu sem nú tíðkast hjá orkufyrirtækjunum. Þá þarf einnig að endurskoða nýtingu jarðvarmaorku til raforkuframleiðslu en aðeins 12-15 % orkunnar nýtist. Það er ekki boðlegt. Huga þarf að því hvort betur fari á að einskorða raforkuframleiðslu jarðvarma sem aukaafurð eins og við nýtingu jarðvarmans í hitaveitu eins og t.a.m. í Svartsengi og Nesjavöllum. Orkustefnan þarf einnig taka til nýtingar jarðvarma til húshitunar, ylræktar og annarar starfsemi sem nýtir jarðvarmann á hagkvæman og sjálfbærari hátt.

Framtíðarlandið álítur að markmið orkustefnunar um orkuskipti úr jarðefnaeldsneyti í vistvæna og innlenda orkugjafa séu afar metnaðarlítill og hefði viljað sjá mun öflugri og skýrari stefnu um að Ísland dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda. Eins hefði það verið æskilegt að sjá skýr markmið í stefnunni varðandi sölu orku til mengandi stórnotenda eins og álvera sem losa mest af gróðurhúsalofttegundum á Íslandi.

Framtíðarlandið telur að nú sé tími til að staldra við. Stíga á varlega til jarðar í nýtingu vatnsfalla og jarðhitasvæða. Nú er tími reksturs og tilvalið að gera hlé á frekari virkjanuppbyggingu. Aukin hagvöxtur á ekki á byggjast á rányrkju náttúruauðlinda eins og við sjáum á Reykjanesi og eyðileggingu náttúruperlna. Meiru skiptir að nýta betur það sem þegar er virkjað og selja það hærra verði. Benda má á að í Evrópu er verið að selja hreina orku á allt að 120 dollara MW stundina en hér er sama orka líklega seld á um 20 dollara.

Auðlindagjöld eiga að taka mið af raunvirði náttúruauðlindarinnar. Það er t.a.m. óskiljanlegt að náttúra og jarðvarmi háhitasvæða Reykjanes skuli aðeins vera metin ígildi 200 tonna af þorski, ef rétt reynist að HS Orka (Magma Energy) greiði um 50 milljónir í auðlindagjald fyrir þessi svæði. Það er algerlega fráleitt og jafngildir því að auðlindirnar séu gefnar. Þess vegna er brýn þörf á að móta stefnu um auðlindaskatt.

Það á að gera skýlausa kröfu um að meirihluti arðs af orkusölu verði eftir í landinu og renni til þjóðarinnar. Eins á að tryggja að nýtingarréttur jarðvarma og vatnsaflsvirkjana sé bundin því að umgengni við umhverfi og náttúru sé til fyrirmyndar og að svæðunum sé skilað óröskuðum við lok nýtingartímans. Þetta á að gilda jafnt um nýtingu opinberra- og einkaaðila. Það er skylda okkar að ganga ekki á rétt komandi kynslóða við auðlindanýtingu og *Framtíðarlandið* leggur þess vegna til að skipaður verði umboðsmaður framtíðar sem hafi það hlutverk að gæta hagsmuna þeirra sem eiga eftir að erfa landið.

Gerð orkustefnu fyrir Ísland er jákvætt skref í því að setja ramma um orkunýtingu og orkunotkun Íslendinga. Það er ánægjulegt og í takt við þróun á alþjóðavettvangi að meginstefið í þessum drögum skuli endurspeгла hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Stefnan á að vera stjórnvöldum, framkvæmdaaðilum og almenningi hvatning til að byggja upp sjálfbært og grænt Ísland.

F.h. stjórnar *Framtíðarlandsins*
María Ellingsen formaður stjórnar